

Alþingi - Fjárlaganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2018
UST201802-278/K.Á.B.
04.00

Vísað er til erindis fjárlaganefndar Alþingis, dags. 22. febrúar 2018, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur, 167. mál.

Umsögn Umhverfisstofnunar lýtur að XXIX. kafla frumvarpsins, 36. grein, um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að tekjur af gjaldi fyrir veiðkort flokkist sem rekstrartekjur ríkisaðila og renni þannig til stofnunarinnar en ekki í ríkissjóð.

Nánari rökstuðningur er eftirfarandi:

1. Tekjur af sölu veiðikorta falla ekki undir lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, með síðari breytingum

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á tryggt verið að tekjur af veiðkortum flokkist sem rekstrartekjur ríkisaðila, í samræmi við 3. mgr. 51. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þessar tekjur falla ekki undir gjaldtöku sem ákvörðuð er samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, með síðari breytingum, eins og á við um rekstrartekjur ríkissjóðs samkvæmt 2. mgr. sömu greinar.

Tekjur af veiðikortum hafa runnið til Umhverfisstofnunar (og áður forvera hennar) frá því farið var að innheimta gjald af veiðimönnum árið 1995. Lögbundið er hvernig ráðstafa skuli tekjum af sölu veiðikorta. Þeim er úthlutað með nákvæmum hætti í samræmi við skýrt verklag sem nánar verður fjallað um í lið 2 hér að neðan. Eins og þar kemur fram m.a. eru 40% teknanna jafnframt hreinar þjónustutekjur því þeim er ætlað að standa undir raunkostnaði við umsýslu veiðikortakerfisins.

2. Verklagsreglur um ráðstöfun tekna af sölu veiðikorta

Þann 19. janúar 2016 setti umhverfis- og auðlindaráðherra *Verklagsreglur vegna ráðstöfunar tekna af sölu veiðikorta* sem birtar eru á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytis og fylgja með umsögn þessari.

Í 2. gr. verklagsreglanna kemur fram að í samræmi við 3. mgr. 11. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skuli gjald af sölu veiðikorta notað til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Óheimilt sé að nota fjármuni af sölu veiðikorta í öðrum tilgangi. Fram kemur að tekjur af sölu veiðikorta skuli skiptast eftirfarandi:


- a) Allt að 40% til umsýslu veiðikortakerfisins
- b) Allt að 50 % til vöktunaráætlana, stofnstærðarmats og mats á veiðipóli helstu veiðitegunda
- c) Að lágmarki 10% til sértækra rannsókna í þágu veiðistjórnar

Heildartekjur af sölu veiðikorta árið 2017 námu 40,6 m.kr. Eftirfarandi er nánari skipting þeirra samkvæmt liðum a til c hér að ofan:

- a) Árið 2017 nam kostnaður Umhverfisstofnunar við umsýslu veiðikortakerfisins 25,4 m.kr., eða 62,7% af tekjum vegna sölu veiðikorta það ár. Það er verulega umfram þau 40% sem tilgreind eru í a-lið hér að ofan. Umhverfisstofnun greiddi því með verkefni árið 2017. Undir kostnað við umsýslu veiðikorta fellur m.a. umsýsla vegna innheimtu, þróun gagnagrunna, launakostnaður og annar rekstrarkostnaður, s.s. vegna húsnæðis. Veiðikortakerfið hefur verið gert rafrænt og stefnt er að því að öll veiðikort verði rafræn innan fárra ára.
- b) Árið 2017 gerði Umhverfisstofnun samninga til þriggja ára (2017-2019) við Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Norðausturlands og Náttúrustofu Suðurlands vegna vöktunaráætlana, stofnstærðarmats og mats á veiðipóli rjúpu, skarfa, bjargfugla og lunda. Umhverfis- og auðlindaráðherra staðfesti samningana. 20,3 m.kr. verða greiddar árið 2018 til þessara vöktunaraðila vegna tekna af sölu veiðikorta árið 2017.
- c) Umhverfisstofnun hefur gert samning við Verkís fyrir 10% af tekjum ársins 2016 vegna vöktunar á gæsum (sértæk rannsókn í þágu veiðistjórnunar). Eftir er að gera samning vegna tekna ársins 2017 undir þessum lið. Hér er um nýtt verklag að ræða en fram að árinu 2016 var auglýst eftir styrkjum til verkefna fyrir 60% af tekjum vegna sölu veiðikorta. Ef umsjónarkostnaður reynist lægri en 40% skal samkvæmt verklagsreglunum úthluta hærrí hluta teknanna til verkefna sem falla undir c-lið. Öllum tekjum af sölu veiðikorta er því ráðstafað í samræmi við gildandi verklag á hverjum tíma.

3. Tekjur af sölu veiðikorta eru breytilegar frá ári til árs

Erfitt er að áætla nákvæmlega hversu háar fjárhæðir innheimtast á hverju ári því nokkur breytileiki er í fjölda útgefna veiðikorta frá ári til árs. Þetta hefur í för með sér að mismikið fjármagn skilar sér til rannsókna og vöktunar og til umsýslu við útgáfu veiðikorta. Á myndinni hér að neðan má sjá þróun rauntekna af veiðikortum árin 2011-2017. Nokkur samdráttur hefur orðið í sölu veiðikorta síðustu ár. Árið 2011 voru gefin út 12.675 veiðikort og tekjur af sölu þeirra námu 47,5 m.kr. Árið 2017 voru á hinn bóginn gefin út 10.902 veiðikort og tekjur vegna þeirra námu 40,6 m.kr. eins og fram hefur komið.



Ljóst að hagaðilar, s.s. náttúrustofur, munu gera skýra kröfu um að allar innheimtar tekjur af veiðikortum skili sér til réttra aðila í samræmi við lög og verklag þar að lútandi hvort sem þær yrðu yfir eða undir þeirri áætlun sem fjárveiting á fjárlögum komandi árs þyrfti að byggja á.

Virðingarfyllt


Kristín Kalmansdóttir
Fjármálastjóri


Gunnlaug H. Einarsdóttir
Sviðsstjóri

Verklagsreglur vegna ráðstöfunar tekna af sölu veiðikorta.

1. gr.

Forsendur.

Reglur þessar gilda um stjórnsýslu og stefnumörkun um ráðstöfun tekna sem myndast vegna sölu veiðikorta samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Markmið reglnanna er að móta stefnu og tryggja að stjórnsýsla sé í samræmi við gildandi lög og reglur, er varðar hlutverk, verkefni og ráðstöfun á veiðikortatekjum.

2. gr.

Hlutverk.

Í samræmi við 3. mgr. 11. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal gjald af sölu veiðikorta notað til rannsókna, vöktunar og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Óheimilt er að nota fjármuni af sölu veiðikorta í öðrum tilgangi en þeim sem að framan greinir.

Tekjum af sölu veiðikorta skal skipt þannig milli viðfangsefna:

- a) Allt að 40% til umsýslu veiðikortakerfisins.
- b) Allt að 50% til vöktunaráætlana, stofnstærðarmats og mats á veiðipoli helstu veiðitegunda.
- c) Að lágmarki 10% til sértækra rannsókna í þágu veiðistjórnunar.

3. gr.

Veiðikortakerfið og umsýsla þess.

Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikorta, skráningu veiðitalna og umsýslu tekna af sölu veiðikorta. Kostnaður vegna stýringar og útgáfu veiðikorta skal þó aldrei fara yfir 40% árlegra tekna. Heimilt er, með leyfi ráðherra, að víkja frá þessari reglu þegar óvenjuleg skilyrði skapast til að mynda í tekjuöflun. Áður en ákvörðun er tekin um frávik frá reglunni skal Umhverfisstofnun skila rökstuddri greinargerð til umhverfis- og auðlindaráðherra um nauðsyn þessa.

4. gr.

Úthlutun til rannsókna og vöktunar helstu veiðitegunda.

Ráðherra skal að jafnaði úthluta árlega tekjum af sölu veiðikorta til rannsókna og vöktunar á stofnum villtra dýra, sem eru umfram kostnað vegna stýringar og útgáfu veiðikorta sbr., 3. gr. Úthluta skal með eftirfarandi hætti:

- a. Til stofnvöktunar og rannsókna á ákveðnum veiðitegundum á grundvelli þriggja ára áætlana í sem, sbr. 6. gr.
- b. til sérstakra áhersluverkefna í þágu veiðistjórnunar, sbr. 7. gr.

Áður en ákvörðun um úthlutun fjármagns af sölu veiðikorta er tekin skal liggja fyrir umsögn Umhverfisstofnunar um vöktunar- og rannsóknáætlanir og um sérstök áhersluverkefni, svo og tillaga stofnunarinnar um úthlutun. Umsagnir og tillögur Umhverfisstofnunar skulu unnar í samráði við Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar.

Úthluta skal eigi síðar en 31. janúar ár hvert vegna tekna af sölu veiðikorta undangengins árs.

5. gr.

Samráð um sjálfbærar veiðar.

Umhverfisstofnun starfrækir samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar til þriggja ára í senn. Samráðsnefndin skal skipuð með eftirfarandi hætti: Einn fulltrúi Bændasamtaka Íslands, einn fulltrúi SKOTVÍS, einn fulltrúi frjálsra félagasamtaka á sviði náttúruverndar, einn fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands, einn fulltrúi náttúrustofa og tveir fulltrúar sem Umhverfisstofnun tilnefnir og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

Meginhlutverk nefndarinnar er að stuðla að framkvæmd sjálfbærrar veiðistjórnunar og vera samráðsvettvangur um framgang reglna þessara. Nefndin skal funda að lágmarki tvisvar á ári og meðal annars vera samráðsaðili vegna:

- a) Forgangsröðunar vöktunar og rannsóknaáætlunda á hverri þriggja ára áætlun.
- b) Mats á vöktunar- og rannsóknaáætlunum og gerð umsagna um þær.
- c) Eftirfylgni með framgangi vöktunar- og rannsóknaáætlana.
- d) Skilgreiningar á áhersluverkefnum í þágu veiðistjórnunar, mat á umsóknum ef við á og gerð umsagna.
- e) Stuðla að styrkingu faglegrar stjórnunar veiðar á villtum dýrastofnum og að framkvæmd veiða samræmist markmiðum um sjálfbæra nýtingu.

Umhverfisstofnun skal, í samráði við Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar, standa fyrir kynningu eigi sjaldnar en annað hvert ár þar sem sem niðurstöður vöktunar- og rannsóknaverkefna sem fjármögnuð hafa verið eru kynnt.

Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar skal setja sér starfsreglur og birta.

6. gr.

Sjálfbærar veiðar – vöktunaráætlanir fyrir helstu veiðitegundir.

Verja skal allt að 50% árlegra tekna af sölu veiðikorta til að vinna samkvæmt vöktunar- og rannsóknaáætlunum til þriggja ára í senn fyrir helstu veiðitegundir. Áhersla sé á veiðitegundir sem eiga undir högg að sækja, eru undir miklu veiðialagi og eru mikilvægar fyrir veiðimenn. Þessar tegundir/tegundahópar skulu skilgreindar og settar fram í viðauka við reglur þessar til þriggja ára í senn.

Náttúrufræðistofnun Íslands, í samráði við náttúrustofur, ber faglega ábyrgð á gerð, framlagningu, framkvæmd og birtingu þessara áætlana, og leitar eftir atvikum til annarra framkvæmdaðila sem sinni afmökkuðum þáttum. Í þessum áætlunum skal ásamt skilgreindum rannsóknþáttum leggja áherslu á mat á stofnstærð, stofnbreytingu, viðkomu og lífslíkur sem grundvöll mats á veiðipóli helstu veiðistofna með það að höfuðmarkmiði að tryggja sem best sjálfbærar veiðar, sbr. 7. gr. laga nr. 64/1994. Áætlun skal útfærð fyrir hverja tegund/tegundahóp og skal meðal annars tilgreina markmið, tímaramma, kostnaðaráætlun með sundurliðuðum kostnaðarliðum, gagnaskil og birtingu niðurstaðna.

Umhverfisstofnun, að höfðu samráði við Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar, gerir tillögur til ráðherra um fjármögnun stofnvöktunaráætlana til þriggja ára í senn.

Umhverfisstofnun undirbýr samninga við viðkomandi aðila sem ábyrð ber á viðkomandi áætlun, og leggur fyrir ráðherra til samþykktar.

7. gr.

Sérstök áhersluverkefni í þágu veiðistjórnunar.

Verja skal að lágmarki 10% árlegra tekna af sölu veiðikorta til valinna verkefna í þágu veiðistjórnar, með áherslu á sértækar rannsóknir.

Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar skilgreinir þau verkefni sem áhersla skal lögð á að rannsaka. Hér er sérstaklega átt við verkefni sem öllu jafna eru til viðbótar vöktunar- og rannsóknaráætlunum og verkefnum opinberra aðila, en nýtast engu að síður við að styrkja faglega stjórnun villtra dýrastofna, þ.m.t. veiðistjórnun og ákvörðunarferlið um framkvæmd veiða.

Umhverfisstofnun, að höfðu samráði við Samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar, gerir tillögur til ráðherra um fjármögnun viðkomandi rannsóknaverkefnis til eins árs í senn.

Umhverfisstofnun undirbýr samninga við þá aðila sem ábyrgð bera á framkvæmd viðkomandi verkefnis, og leggur fyrir ráðherra til samþykktar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 19. janúar 2016.

